

gengið lengra en leyfilegt er, og ber þá að taka sýknukröfu hans til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 27. nóvember 1936.

Nr. 102/1936. Eyjólfur Kolbeins (Sjálfur)

gegn

Ragnheiði Bjarnadóttur

og

Þórði Bjarnasyni f. h. barna hans

(Garðar Þorsteinsson).

Maður talinn hafa firrt sig rétti til að áfrýja skiptum á jörð, gerðum af undirlandskiptanefnd, til yfirlandskiptanefndar.

Úrskurður gestaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 9. júní 1936: Krafa stefnda Eyjólf Kolbeins um að máli þessu skuli frávísað verður ekki tekin til greina.

Dómur gestaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 7. júlí 1936: Stefndir, Eyjólfur Kolbeins og Þórður Bjarnason fyrir hönd barna sinna, hafi firrt sig rétti til að skjóta til yfirlandskiptanefndar undirlandskiptum Lambastaða í Sel-tjarnarneshreppi, er fram fóru 18. maí 1935, og eru þeir bundnir við ákvarðanir undirlandskiptanefndarinnar.

Stefndur Eyjólfur Kolbeins greiði stefnanda kr. 150.00 í málskostnað innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þórði Bjarnasyni f. h. barna sinna hefir einungis verið stefnt til að gæta hagsmuna sinna og án þess að nokkrar kröfur hafi verið gerðar á hendur honum.

Áfrýjandi hefir krafizt þess, *aðallega*, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og hinn áfrýjaði dómur ómerktur, og málinu vísað frá undirréttinum, *en til vara*, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefndu í málinu. Hvernig sem málið fer krefst hann þess, að honum verði dæmur hæfilegur málskostnaður fyrir hæstarétti og gestaréttinum eftir mati réttarins.

Stefnda Ragnheiður Bjarnadóttir krefst þess, *aðallega*, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, *en til vara*, að svo verði kveðið á í dóminum, að svo nefnd Norðurmýri og lóðir merktar IV, V og X skuli teknar með af yfirlandskiptanefnd við skipti lands jarðarinnar Lambastaða, þannig, að sama landi verði skipt og skipt var af undirlandskiptanefnd. Svo krefst hún og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndur Þórður Bjarnason f. h. barna sinna krefst málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með því að það þykir verða að fallast á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar og hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta dómsathafnir þessar.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefndu Ragnheiði Bjarnadóttur kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti, en málskostnaðarkröfu stefnda Þórðar Bjarnasonar f. h. barna hans þykir ekki ástæða að taka til greina.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði og dómi skal óraskað.

Áfrýjandi, Eyjólfur Kolbeins, greiði stefndu frú Ragnheiði Bjarnadóttur kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti, en að öðru leyti falli málskostnaður í hæstarétti niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrijaða dóms hljóða svo:

Annar hinna stefndu í máli þessu, Eyjólfur Kolbeins, bóndi í Bygggarði, hefir krafizt þess, að sérstakur úrskurður gangi um það, að máli þessu skuli visað hér frá réttinum, þar sem ágreiningur sá, sem stefndi vill fá úrskorið heyri undir úrskurð yfirlandskiptanefndar þeirrar, er nú er starfandi að yfirskiptun Lambastaðalands.

Aðaldómkrafa stefnandans í máli þessu er sú, að slegið verði föstu, að stefndir hafi fyrirgert rétti sínum til að leggja undirlandskiptin fyrir yfirlandskiptanefndina og að þeir séu bundnir af skiptum þeim, er fram fóru 12. maí 1935. Fyrir þessari kröfu sinni færir hann þá ástæðu, að stefndir hafi, eftir að þeir áfrýjuðu undirlandskiptunum, selt lóð úr landi því, er undirlandskiptanefndin skipti og áfrýjun þeirra náði til. Heldur stefnandi því fram, að yfirlandskiptanefndin sé ekki að lögum bær um að ákveða, hvort stefndir hafi fyrirgert áfrýjunarrétti sínum, og hafi hann því hlotið að leita álits dómstólanna um það atriði.

Þar sem fallizt verður á þá skoðun stefnandans, að ágreiningsatriði það, sem hér liggur fyrir, heyri undir dómstólana, verður frávisunarkrafa stefnds Eyjólf Kolbeins ekki tekin til greina.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er með stefnu, útgefinni þann 2. júní þetta ár, höfðað fyrir gestaréttinum af frú Ragnheiði Bjarnadóttur, Bókhöðustig 2 í Reykjavík, gegn Eyjólf Kolbeins í Bygggarði í Seltjarnarneshreppi og Þórði Bjarnasyni á Lambastöðum í sama hreppi fyrir hönd barna sinna.

Hefir stefnandi gert þær réttarkröfur:

1. Aðallega að því verði slegið föstu með dómi réttarins, að hinir stefndu hafi fyrirgert rétti sínum til að leggja skipti þau, er undirlandskiptanefnd gerði á Lambastaða-

landi þann 18. maí 1935, undir yfirlandskiptanefnd, og að þeir séu bundnir af ákvörðunum undirlandskiptanefndar.

2. Til vara, að slegið verði föstu með dómi réttarins, að svonefnd Norðurmýri og þrjár lóðir, merktar IV, V og X á framlögðum uppdrætti af Lambastaðalandi, skuli vera teknar með af yfirlandskiptanefnd við skipti Lambastaðalands, þannig, að sama landi verði skipt og skipt var af undirlandskiptanefnd.

Stefnandi hefir ennfremur krafizt þess, að hinir stefndu yrðu dæmdir in solidum til að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins. Síðar undir rekstri málsins hefir stefnandi þó fallið frá málskostnaðarkröfu á hendur Þórði Bjarnasyni fyrir hönd barna sinna, og kemur málskostnaðarkrafan því eingöngu til greina gegn stefndum Eyjólf Kolbeins.

Að visu stendur í stefnunni, að þess sé krafizt, að stefndir séu bundnir við skiptin, er fram fóru 12. maí 1935, en bæði er á öðrum stað í stefnunni talað um að skiptunum hafi lokið 18. maí 1935 og síðan undir rekstri málsins hefir enginn ágreiningur orðið um það um hvaða undirlandskipti væri að ræða, og verður því í dómi þessum miðað við hinn rétta lokadag skiptanna, 18. maí 1935.

Stefnandi og stefndir áttu eignina Lambastaði í Seltjarnarneshreppi í sameign, stefnandi $\frac{1}{4}$ hluta, börn Þórðar Bjarnasonar $\frac{1}{4}$ hluta og stefndur Eyjólfur Kolbeins helming.

Eftir kröfu stefnanda var eign þessari skipt af undirlandskiptanefnd, og var þeim skiptum lokið, eins og áður segir, þann 18. maí 1935, þannig, að stefnandi fékk sinn hluta sérstaklega útmældan, stefndur Eyjólfur Kolbeins fékk hluta síns lands útmældan, en eftir skiptin áttu þeir nokkurt land í sameign í hinni skiptu eign, stefndur Eyjólfur og börn Þórðar Bjarnasonar.

Þann 9. desember 1935 óskar stefndur Eyjólfur Kolbeins eftir því í bréfi til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, að skipuð verði yfirlandskiptanefnd vegna Lambastaðaskiptanna, og var sú nefnd brátt skipuð og tók til starfa.

Þann 22. apríl þ. á. selja og afsala hinir stefndu til handa Ólafi Magnússyni í Reykjavík lóð, 400 fermetra að stærð, úr sameign þeirra í Lambastaðatúninu.

Telur stefnandi, að með þessu afsali hafi hinir stefndu firrt sig rétti til þess að yfirlandskiptanefnd fjallaði um skipti Lambastaða og hlytu þeir því að vera bundnir af skiptum undirlandskiptanefndar, og er aðalkrafa stefnanda í samræmi við þessa skoðun.

Stefndur Þórður Bjarnason fyrir hönd barna sinna hefir samþykkt kröfu stefnandans og telur sig hafa svipt sig öllum möguleikum til áfrýjunar undirlandskiptanna með áðurnefndu lóðarafsali.

Stefndur Eyjólfur Kolbeins hefir mótmælt aðalkröfu stefnanda og þeirri skoðun, sem hún byggist á, og krafizt algerðrar sýknu af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins og að hann verði látinn sæta sektum fyrir óþarfa þrætu.

Hefir hann haldið því fram, að samkvæmt fyrri viðskiptum sínum og Þórðar Bjarnasonar f. h. barna sinna annarsvegar og stefnanda hinsvegar, hafi þeir átt til góða lóðir úr sameigninni Lambastöðum og samkvæmt því hafi þeir selt lóðina 22. apríl síðastliðinn.

Þessi eldri viðskipti og þau rök, sem stefndur Eyjólfur Kolbeins byggir á þessu, hefir honum þó ekki tekizt að sanna.

Úrslit þessa máls, hvað aðalkröfuna snertir, velta á því, hvort lóðarafsalið frá 22. apríl síðastliðnum er ósamrýmanlegt áfrýjun undirlandskiptanna.

Í lóðarafsalinu er enginn fyrirvari um áfrýjun undirlandskiptanna. Verður því ekki annað séð en að hinir stefndu hafi báðir skilyrðislaust fært sér í nyt ákvæði undirlandskiptanefndar.

Samkvæmt hinni almennu reglu um áfrýjun dómsmála mundu hliðstæð not undirréttardómsins, eins og undirlandskiptanefndar ákvarðananna í þessu tilfelli, vera ósamrýmanleg áfrýjun. Verður ekki séð nein ástæða til þess að önnur og rýmri regla ætti að gilda í tilfelli sem þessu, er hér liggur fyrir. Samkvæmt því hlýtur niðurstaða máls þessa að verða sú, að aðalkrafa stefnandans verði til greina tekin.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndur Eyjólfur Kolbeins greiði stefnanda kr. 150.00 í málskostnað.